



Framkvæmda- fréttir 9. tbl. /18

Framkvæmdir 2018 siglingasvið, sjá kort á bls. 8-9



Dalvík, lenging hafskipabryggju 3. maí 2018.

Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni þriggja rannsóknarskýrsla. Finna má allar skýrslur á www.vegagerdin.is undir *Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur*.

Kortlagning veghita með áherslu á hálkustaði – Grindavíkurvegur

Eiríkur Örn Jóhannesson, Veðurstofa Íslands, apríl 2018

Í febrúar 2017 kom út skýrsla um kortlagningu veghita með áherslu á hálkustaði á Reykjanesbraut. Skýrslan sem nú kemur út fjallar um sambærilegar athuganir á Grindavíkurvegi. Markmið beggja verkefna var að þróa aðferð til að greina og spá fyrir um hálfu á vegum af meiri nákvæmni en gert hefur verið til þessa, að athuga

hvers konar veðurfar ýtir helst undir hálkumyndun og á kortleggja breytileika á veghita. Í báðum verkefnum voru niðurstöður mælinga, sem gerðar voru með mælitækinu RCM frá Teconer notaðar. Fyrir Grindavíkurveg voru notuð gögn fyrir þrjá vetur, 2014-15, 2015-16 og 2016-17. Til að tengja mælingar á vegi við ytri aðstæður, voru í þessum áfanga notaðar veðurstöðvar á Keflavíkurvegi, Strandaheiði og Grindavíkurvegi.

Líkt og í fyrra verkefnum var veginum skipt í nokkra kafla. Lengd kaflanna í þessu verkefni var um 300 metrar. Skoðað var fráviks mismunandi breyta (veghiti, dýpt vatnshimnu og viðnám) frá meðalgildi sömu breytu fyrir allan kaflann. Gögnin voru skoðuð miðað við mismunandi skilyrði. Fram kemur að séu skilyrðin ekki mjög þröng er

[Útboðsvefur.is](http://utboodsvefur.is) - Opinber útboð

Vegagerðin auglýsir útboð sín á vefsíðunum [Útboðsvefur.is](http://utboodsvefur.is) og vegagerdin.is en ekki í þessu blaði. Verktakar eru minntir á að fylgjast vel með auglýsingum.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 9. tbl. 26. árg. nr. 688 17. sept. 2018


Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
G. Pétur Matthíasson
Prentun: Oddi

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
askrift@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Listi yfir fyrirhuguð útboð er birtur, greint er frá niðurstöðum útboða og einnig samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka og annarra lesenda. Blaðið kemur út einu sinni í mánuði að jafnaði. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

erfitt að lesa eitthvað í gögnin til að finna hvaða vegkaflar eru útsettar fyrir hálfu umfram aðra. Hins vegar ef bætt er við skilyrði um skýjahulu, þá skera vegkaflar í lægðum sig úr með annaðhvort lægri veghita og/eda lægra viðnám. Þessir kaflar eru í samræmi við þekktu hálkustaði á veginum.

Bent er á að fróðlegt væri að skoða hvernig og hvort Harmonic-veðurlíkan veðurstofunnar geti hermt veghita, sér í lagi á þeim köflum sem sýna lægra veghitastig eða viðnám en aðrir. Annars er niðurstaða verkefnisins að svona greining er nothæf til að kortleggja hálkustaði á veginum, en bent er á að mælingar með RCM mælinum, sem stuðst er við, eru gerðar í tengslum við vetrarþjónustu. Betra væri ef hægt væri að styðjast við mælingar sem gerðar eru óháð færð.




Hitakort sem sýnir viðnámsvik hvers vegkafla frá meðalgildi, SAM.

Erlendir vetrarferðamenn – vegir og þjónusta 2017-2018.

Rögnvaldur Guðmundsson, Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar, júní 2018

Í skýrslunni eru teknar saman niðurstöður tveggja kannana meðal erlendra ferðamanna. Annars vegar Dear Visitors könnun sem Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar (RRF) hefur gert meðal erlendra brottfarargesta í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og hins vegar viðtalskönnun meðal erlendra bílstjóra á bílaleigubílum í Reynisfjöru og Skaftafelli mánuðina apríl, september, október og nóvember 2017 og febrúar og mars 2018.

Mikið af niðurstöðum eru settar fram í skýrslunni. Meðal



Helstu farartæki erlendra sumargesta á Íslandi 1996-2017

annars má nefna að ferðamönnum utan sumartíma hefur fjölgað mun meira en sumargestum frá árinu 2011, sem leggur grunn að betri nýtingu fjárfestinga í greininni. Notkun bílaleigubíla hefur aukist undanfarin ár og allt árið 2017 voru það um 61% gesta sem nýttu sér þann möguleika. Fram kemur að 44% nýttu sér bílaleigubíla yfir dimmustu vetrarmánuðina (janúar, febrúar, nóvember og desember) 2017, þó heildarvegjalengd sem ekin er á þeim mánuðum sé minni en yfir sumarmánuðina. Áætlað er að erlendir ferðamenn hafi ekið bílaleigubílum alls um 635 milljón km á Íslandi árið 2017 og út frá því er áætlað að eldsneytisútgjöld þeirra hafi verið yfir 10 milljarðar króna.

Í könnuninum var m.a. spurt um ástæður skyndistopps í vegkanti og sögðust flestir stoppa til að skoða landslag og útsýni (um 71-87%), þar á eftir voru norðurljós og hestar nefndir til sögunnar. Bílbeltanotkun í framsætum er nánast undantekningalaus (99%), en hins vegar minni í aftursætum (82%) og þar stóðu farþegar frá Asíu sig verst (63%) en Bretar (93%), Norðurlandabúar (96%) og fólk frá Benelux löndunum (100%) stóðu sig betur.

Fram kemur meðal brottfarargesta í Leifsstöð að vitneskja um tilvist heimasíðu Vegagerðarinnar (www.road.is) er ekki mikil, en hefur þó aukist milli árána 2016 (14%) og 2017 (18%). Færri (9%) vissu um upplýsingasímann (1777) og sára fáir (1%) nýttu sér hann. Flestir vetrargestir (87%) fylgjast með veðurspám og ná í hana á vefnum.

Erlendir gestir telja það brýnast að fækka mjóum vegöxlum og vegum sem og einbreiðum brúm. Margir telja þó vegakerfið betra en þeir höfðu búist við, þó stærsti hlutinn telji ástand svipað og þeir höfðu vænt. Í flestum tilvikum eru ábendingar erlendu ferðamanna um vandamál þó þannig að við vitum um þau og hversu brýnt það er að laga þau.

Sannprófun mótvægisáðgerða vegna vegfráframsæmda: Skilar endurheimt votlendis tilætluðum árangri? (meistaraprófsritgerð).

Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, maí 2018

Síðan lög um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi á tíunda áratug síðustu aldar, hefur Vegagerðin unnið að endurheimt votlendis víða um land, til að bæta fyrir tap og röskun á votlendi vegna vegfráframsæmda.

Í meistaraverkefniinu, sem ritgerðin fjallar um, var metinn árangur á fimm votlendissvæðum sem Vegagerðin endurheimti á árunum 2003-2014. Þá voru matsskýrslur í tengslum við viðkomandi framkvæmdir greindar. Árangursmatið fól meðal annars í sér gróðurttækt, mælingu á jarðvatnsstöðu, mat á gróðurhulu skurðsára og athugun á skurðfyllingum og stíflum. Matsskýrslurnar voru greindar með hliðsjón af umfjöllun um votlendi og þá sérstaklega hvort þær tóku til endurheimtar.

Svæðin sem skoðuð voru eru staðsett í ólíkum landshlutum á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Votlendið var af mismunandi gerð (hallamýrar, flóar og flæðiengi).

Á heildina litið er endurheimt árangursrík á flest öllum svæðum sem skoðuð voru, votlendisgróður víða ríkjandi og landið í mörgum tilvikum talsvert blautt. Sumstaðar hafði gróður þó ekki náð að loka skurðsvæðum. Fram kemur að skýrt verklag við framkvæmd endurheimtar er mikilvægt og lagt er til að unnið sé eftir ákveðnum verklagsreglum. Þegar skoðaðar voru matsskýrslur í tengslum við þær framkvæmdir, sem voru til athugunar í verkefniinu, kom í ljós að jákvæð þróun hafði orðið með tilliti til umfjöllunar um votlendi og endurheimt þess í þeim. Þó kemur fram að niðurstöður bendi til að skýra þurfi betur hlutverk ólíkra aðila og auka hvata þegar kemur að eftirfylgni mótvægisáðgerða. ■



Smátjarnamyndun í skurðsárum í Framengjum í Mývatnssveit.

Framkvæmdir við Dýrafjarðargöng




Syðri sökkull Hófsárbrúar steiptur 27.08.2018.



Dýrafjörður, vinnubúðir verktaka.



Skanni sem er notaður til að skanna inn göngin tekkinn upp.



Dýrafjarðargöng, staða framkvæmda 9. sept. 2018. Búið er að sprengja samtals 3.490 m sem er um 65,8% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 5,3 km, vegskálar ekki meðtaldir.

Vel unnin verk í sumar

Aður birt á vegagerdin.is 20.08.2018

Líkt og vegfarendur margir hafa tekið eftir þá hefur mikið verið að gera í viðhaldi vega í sumar. Það hefur þurft að loka vegum og fólk hefur tafist um stund vegna stórra sem smárra verka. Þessi verk eru nauðsynleg en í sumar hefur verið unnið fyrir meira fé en mörg undanfarin ár. Síðan hefur rigningatið fyrri hluta sumars leitt til þess að enn meira hefur verið umleikið nú síðsumars. Nefna má tvö stórverkefni sem er malbikun á Hellisheiði og lagning ný slitlags á Ölfusárbrú.

Verktakar eru fjölmargir sem koma að þessum verkum sem og starfsmenn Vegagerðarinnar. Er þeim öllum þakkað frábært verk sem og öikumönnum og öðrum vegfarendum fyrir þolinmæðina.

Í Ölfusárbrú, sem þurfti að loka í nokkra daga, fóru 25 m³ af hástyrkleika steypu þar sem 600 kg af sementi fóru í hvern rúmmetra, Alls komu um 8 mismunandi aðilar að verkinu og m.a. þurfti að taka niður handrið og gera klárt fyrir mögulegan

neyðarakstur yfir brúna. Nýsköpunarmiðstöð Íslands kom að blöndun steypunnar ásamt brúarvinnuflokki Vegagerðarinnar og fylgdist með gæðum hennar, enda engin venjuleg steypa.

Framkvæmdamenn Vegagerðarinnar á Suðursvæði voru svo hæstánægðir með góða daga í framkvæmdum vegna yfirlagna með malbiki, einnig svokölluðu *repave* og vegna yfirborðsmerkinga dagana 9. til 17. ágúst, enda telja þeir fátt skemmtilegra en að skila af sér góðu verki eins og reyndin var. Gróft áætlað voru malbikaðir þessa daga 95 – 110 þúsund fermetrar af vegi og þurfti að flytja á verkstað 15.700 tonn af malbiki og setja út *repave* á 30 þúsund fermetra til viðbótar. Í yfirborðsmerkingum, sem eru ekki síður nauðsynlegar nú þegar aftur fer að skyggja, voru málaðar deililínur, miðlínur, kantlínur auk þess sem málaðar voru sérmerkingar á Vesturlandsvegi og Suðurlandsvegi.

GPM



Steypuvinna á Ölfusárbrú. Mynd: Sigurður Hallur Sigurðsson.



Hringvegur (1), Suðurlandsvegur, fræsing í Svínahrauni.



Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas að störfum á Sandskeiði. Þrjár útlagningarvélar hlið við hlið taka allt þversniðið í einu. Drónamyndir, Hallvarður Vignisson, Verkfræðistofan Hnit.

Niðurstöður útboða

Grindavíkurvegur (43), breikkun 18-101

Tilboð opnuð 21. ágúst 2018. Breikkun á Grindavíkurvegi, gerð hliðartenginga og stíga. Breikka skal tvo kafla Grindavíkurvegar milli Seltjarnar og Bláa Lóns.

Verkið skiptist í fjóra áfanga. Eftirfarandi eru helstu magntölur:

Verkhliuti 8.01, Jarðvinna og vegagerð

Ríf malbiks	6.870 m ²
Umframefni úr skeringum	10.100 m ³
Fyllingar	2.200 m ³
Fláafleygar	10.100 m ³
Styrktarlag	17.200 m ³
Burðarlag	5.500 m ³
Malbik	48.000 m ²
Gangstígar	2.200 m ²
Vegrið	1.885 m

Verkhliuti 8.02 Veitufyrirtæki, jarðvinna fyrir veitur

Skurðir fyrir veitulagnir	3.900 m ³
---------------------------	----------------------

Verkhliuti 8.03 Gagnaveita Reykjavíkur, fjarskiptalagnir

Ídráttarrör	3.450 m
-------------	---------

Verkhliuti 8.04 HS-Veitur, rafveita

Ídráttarrör	3.450 m
-------------	---------

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 31. desember 2018.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
5 Alma Verk ehf., Hafnarfirði	594.950.000	133,2	162.250
4 Munck Íslandi ehf., Kópavogi	514.971.739	115,3	82.272
3 Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík	478.299.508	107,1	45.600
2 Ístak hf., Mosfellsbæ	458.459.240	102,7	25.759
--- Áætlaður verktakakostnaður*	446.525.000	100,0	13.825
1 Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ	432.700.000	96,9	0

* Á opnunarfundi var lesin upp röng tala fyrir áætlaðan verktakakostnað. Rétt tala hefur verið færð inn í töfluna hér á ofan.

Breiðafjarðarferja 2018 – 2022 18-097

Tilboð opnuð 31. júlí 2018. Siglingar með fólk og vörur á leiðinni Stykkishólmur – Flatey – Brjánslækur, 2018-2022. Þjónustan er veitt frá 1. september til 31. maí ár hvert.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
I. Stykkishólmur - Flatey - Brjánslækur			
1 Sæferðir ehf., Stykkishólmi	1.043.906.604	113,6	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	919.118.404	100,0	-124.788
II. Stykkishólum - Brjánslækur			
1 Sæferðir ehf., Stykkishólmi	992.068.194	109,3	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	907.945.528	100,0	-84.123

Grindavík - Miðgarður, þekja, lagnir og raforkuvirki 18-099

Tilboð opnuð 14. ágúst 2018. Hafnarstjórn Grindavíkur óskaði eftir tilboðum í ofangreint verk.

Helstu verkþættir eru:

Steypa upp tvö rafbúnaðarhús, stöpla, brunna og polla. Leggja ídráttarrör fyrir rafmagn.

Leggja vatnslögn, heitavatnslögn og frárennislögn

Jafna undir þekju og malbik

Steypa þekju um 4.800 m²

Malbikun um 1.000 m²

Raforkuvirki

Verkinu er áfangaskipt, fyrri hluta skal lokið eigi síðar en 15. október 2018 og þeim síðari 15. júlí 2019.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
3 H.H. smíði ehf., Grindavík	183.296.640	119,6	20.797
2 Stálborg ehf., Hafnarfirði	163.604.875	106,7	1.105
1 Hagtak hf. Hafnarfirði	162.500.000	106,0	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	153.306.805	100,0	-9.193

Laxárdalsvegur (59-02), Gröf - Lambeyrar 18-103


Tilboð opnuð 28. ágúst 2018. Endurbýgging 4,4 km kafla Laxárdalsvegur frá Gröf að Lambeyrum (Hólkotsá), ásamt útlögn klæðingar.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar og fláafleygar	51.490 m ³
Styrktarlag	20.950 m ³
Burðarlag	5.950 m ³
Tvöföld klæðing	36.000 m ²
Frágangur fláa	60.800 m ²
Ræsalögn	300 m


Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. ágúst 2019.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
2 Þróttur ehf., Akranesi	147.733.340	104,8	5.087
1 Borgarverk ehf., Borgarnesi	142.646.000	101,2	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	141.010.000	100,0	-1.636



Grindavíkurvegur (43), breikkun sjá niðurstöður útboðs

Grindavíkurvegur (43), kennisnið breikkunar sjá niðurstöður útboðs



Framkvæmdir 2018 Siglingasvið



Ísafjörður 30. maí 2018.



Húsavík, drónamynd 13. apríl 2018, Verkis.



Bolungarvík, endurbygging Brjóts 78 m, dýpi 9 m
 Bolungarvík, endurbygging Brjóts 78 m, dýpi 9 m
 Ísafjörður, stuðpúði á Mávagarði 10 m breidd, dýpi 9 m
 Flateyri Hafskipabryggja endurbætt
 Flateyri Hafskipabryggja endurbætt

Brjánslækur, ferjubryggja bybbur endurbættar
 Flatey sjóvörn við gamla þorpið 25 m
 Flatey, endurbygging og styrking trébyrggju

Snæfellsbær, Rifshöfn endurbygging Norðurkants, þekja 3.600 m²
 Stykkishólmur, stofndýpkun innan hafnar við flotbryggju 4.000 m²
 Snæfellsbær, sjóvarnir Hellnar, Ólafsvík, Helliðsandur og Staðarsveit 8.700 m³

Arnarstapi dýpkun 2.500 m³
 Grundarfjörður, lenging Norðurkants 130 m, 10 m dýpi

Sjóvarnir Garðarbær - Álfanes við Blikastíg, Hlíðsnes og Lambhaga 3.000 m³

Sandgerði endurbygging Suðurbyggju, stálþil 145 m dýpi 6 m

Grindavík endurbygging Miðgarðs stálþilsrekstur 220 m, dýpi 8 m þekja dýpkun við Miðgarð 12.000 m²


Landeyjahöfn viðhaldsdýpkun 2015-18 viðhaldsdýpkun 2019-2021, 900 þús. m³ kranaútboð, leiga á krana, verðkönnun endurbætur, 3 stáltunnur, 70 þús. m³ grjót, dýpkun 60 þús. m³ steyppt þekja út að garðsenda 800 m, 4 m breidd sanddælur innkaup raftengibúnaður fyrir nýja ferju

Fjallabyggð, Siglufjörður Bæjarbryggja endurbygging þekja

Skagaströnd smábátahöfn 6.000 m³ dýpkun, 16.500 m³ garður flotbryggja 80 m
 Sauðárkrúkur dýpkun snúningsrýmis 48.000 m³ Viðhaldsdýpkun 14.000 m³



Grindavík 13. júní 2018.



Dalvík 26. júlí 2018.

Norðurbíng, Húsavík Húsavíkurbakkar, endurbygging og styrking 5.400 m³

Dalvíkurbyggð, lenging Hafskipabryggja 145 m, 9 m dýpi dýpkun við lengingu 10.000 m³
 Akureyri: dráttarbatúr toggeta 40 tonn Torfunefsbyggja endurbyggð 120 m, 9 m dýpi Tangabryggju 180m, 9 m dýpi

Eskifjörður lenging Netagerðabryggju kantbiti og þekja, 55m, dýpi 10 m
 Mjóeyrarhöfn fylling Framnesbryggja 145 þús. m³

Fáskrúðsfjörður Strandabakki, dýpkun 90 m, dýpi 10 m

Hornafjörður viðhaldsdýpkun innan hafnar, 25.000 m³ pr. ár



Grindavík 28. júní 2018.



Mynd 1. Kötlugosið 1918 hófst skömmu fyrir kl. 3 eftir hádegi 12. október og varð meðal stærstu Kötlugosa síðan land byggðist. Jarðskjálftar fundust í Mýrdal um tveimur tímum áður en gosmökkurinn sást rísa frá Kötlu. Hálf tíma síðar, um 15:30, náði vestasti armur jökulhlaups til sjávar eftir farvegi Múllavíslar. Austasti hluti hlaupsins náði í farveg Hólmsár og tók brýrnar.





Baldur Þór Þorvaldsson skrifar:

Brýr á Hólmsá í Skaftártungu og Kötlugosið 1918

Lengi þótti aðkoma að brúm landsins víða varasöm, jafnvel hættuleg. Þar kom til að á fyrstu árum brúarsmiða var brúnum helst komið á árnar í skorningum þar sem var styst bakka millum. Varð því oft að sneiða veginn að brúnum með brekkum og beygjum.

Í Skaftafellssýslum var af miklu að taka þegar hugað var að brúarsmiðum. Það sem menn hugðu fyrst að takast á við í þeim efnum voru ár slæmar yfirferðar, sem voru reyndar ekki vandfundnar, en þá var að finna þá staði sem hægt væri að komast af með sem minnst brúarvirki. Sérstaklega var það þegar menn horfðu til timburbrúa sem var reynt að notast við á upphafsárum brúarsmiða. Fyrir valinu í Vestur-



Mynd 2. Teikning af brúnni á Hólmsá smíðuð árið 1907 sem var trébrú í tvennu lagi og endar hvors hluta sátu á hleðslum á kletti/hrygg í miðjum farveginum. Stærð hans er óviss. Teikning frá Vegagerðinni.

Skaftafellssýslu varð fyrst brú á Skaftá hjá Kirkjubæjarklaustri árið 1903 og síðan á Hólmsá og Eldvatn í Skaftártungu 1907. Þetta voru allt miklir farartálmur og einnig var að árnar féllu í þrenslum við hraunkanta í kvíslum eða rásum og var hægt að vera með timburvirki á hverjum hluta fyrir sig. Skýrt dæmi þess var við Hólmsá í Skaftártungu með klett eða rima fyrir milliundirstöðu. Þar voru settar timburbrýr 14 og 9 m á lengd á sitt hvora rásina (mynd nr. 2). Undirstöður undir brúarendana voru hlaðnir grjótstallar. En svo gat þurft að vera með hleðslur við bakkana allt eftir því hvernig hátaði til á hverjum stað með veginn. Samt var aðkoma brúna erfið en menn kölluðu ekki allt ömmu sína í þeim efnum á hestaöldinni. Eftir að bílar komu til sögunnar versnaði að búa við slíkt.



Mynd 3. Engin mynd hefur fundist af fyrstu brúnum á Hólmsá en þær hafa verið mjög líkar fyrstu brúm á Eldvatni sem byggðar voru sama ár af sama brúarsmiði Einari Einarssyni. Í skjalasafninu er til teikning af brú sem er merkt Eldvatni en þar er burðarvirkið bogi en ekki skástífur eins og raunin varð. Það er því engu líkara en að brúarsmiðurinn hafi notað teikningarnar frá Hólmsá á Eldvatn líka en það var talsvert einfaldari smíði. Myndasafn Vegagerðarinnar Geir G. Zoëga.

Langur tími leið áður en tókst að koma brúm á árnar í Rang-árvallasýslu og Skaftafellssýslum og voru bílar þar sjaldséðir í byrjun sl. aldar. Reiðmönnum og gangandi voru fyrrnefndar brýr mjög þarfar sem gefur að skilja. En náttúruöflin á svæðinu láta ekki að sér hæða. Þar er fyrst að telja Kötlu sem engu eirir þegar hún kemst í ham, sérstaklega þegar eldgos kemur upp úr jöklinum þ. e. Mýrdalsjökli. Það gerðist einmitt haustdaginn 12. október 1918. Ekki áttuðu heimamenn sig strax á því hvað var í gangi og áttu sumir fótum fjör að launa þegar vatnshlaupið kom. Það átti við um gangnamenn sem voru einmitt í smalamennsku á Álftaversafrétti sem þurftu að hleypa reiðskjótunum undan á harðaspretti. Svo var gangandi maður á ferð einmitt við Hólmsá þegar hlaupið kom þar.

Heimamaður í Skaftártungu, Valdimar Jónsson í Hemru, lýsir upplifun sinni af gosinu og hlaupinu þannig (stafsetning Valdimars):

Laugardaginn 12. okt. kl. 3 e. h. eða litlu fyr heyrðist skyndilega hvinur mikill í vestri, og þótti mönnum ilt á vita, enda hófust þegar eftir þrumur og eldingar. Eigi varði lengi áður en ógurlegt vatnshlaup kom fram úr Hólmsá. Ugði menn, að hætt mundi bænum Hrisnesi (höf.: Hrifunes nú), svo heimafólk þar flutti úr bænum um hrið. Vatnsflóðið fyllti gljúfur það, er Hólmsá rennur eftir fyrir vestan Hrisnes, og kastaðist fram í kolsvörtum, fjallháum öldum, sem brotnuðu í kollinn eins og holskeflur. Rufu þær björg úr gljúfurörmunum og báru fram á grynninga. Tók þá brúna af Hólmsá.

Sýslumaðurinn Gísli Sveinsson lýsir gosdeginum m.a. svo (stafsetning Gísla):

Heyrðist eftir miðjan dag feikna niður, en sýni var óglögt og sást eigi til Mýrdalsjökuls, en brátt urðu menn þess vísari, hvað um var að vera. Kom þá hlaupið í Hólmsá með kyngikrafti, en hún rennur austan Mýrdalssands fram í Kúðafljót, fast austan við Skaftártungu. Fyllti alveg farveginn, tók upp brúna og braut upp ána til beggja hliða. Fólk flýði bæinn í Hrisnesi, á eystri barmi árninnar, en hann sakaði þó ekki. Frá Hrisnesi ætlaði maður fram í Álftaver og var kominn fram í Hólminn, framan árninnar, þá er hlaupið skall í ána ofar, var gangandi. Það var Jóhann Pálsson trjesmiður. Hjúp hann þá upp að ánni aftur og út á brúna, og hafði flóðið þá náð henni. En honum tókst að ná yfir, brast brúin af fyrir aftan hann. (tilv. lokið)

Svo hefur verið sagt að maðurinn hafi haft með sér hund sem varð viðskila og komst ekki yfir með húsbónda sínum en skilaði sér daginn eftir með einhverjum hætti.



Mynd 4. Afleiðingar Kötlugosins og hlaupsins 12. okt. 1918. Myndin er tekin af austur bakkannum upp eftir farveginum rétt neðan en þar sem brúin frá 1907 var, en er þarna með öllu horfin. Úti í ánni er eftir klettanabbi sem var vafalaust leifar af þeim stað þar sem millistöpull/áseta hafði verið. Í bakkannum vinstra megin að vestan hefur átt sér stað mikið rof eins og sárið sýnir. Myndasafn Vegagerðarinnar Geir G. Zoëga.



Mynd 5. Horft upp eftir farveginum af austur bakkannum sennilega árið 1919 (frekar en 1920) þegar unnið var við endurreisn brúar og verið að koma upp landstöpli að vestan og hefur neðstu steinarröðinni verið komið fyrir á klöppinni á miðri mynd. Glöggst sést hversu mikið hefur brotnað úr bakkannum að baki stöplinum. Ekki sést í klettanabbann í farveginum sem er í hvarfi við bakkann að austan (nær á mynd). Myndasafn Vegagerðarinnar Geir G. Zoëga.



Mynd 6. Unnið við brúarsmiðina. Settur hefur verið upp kláfur og er maður að ferja sig vestur yfir ána. Myndasafn Vegagerðarinnar Geir G. Zoëga.

Í Morgunblaðinu 24. okt. segir um gosið m. a.: Hlaupið geislaði fram Hólmsá, sópaði burt Hólmsárbrú með steinstölpum.

Samkvæmt ofangreindu hefur ekkert verið eftir af brúnni og gott betur því lýsingarnar gefa til kynna að bakkar árninnar hafi látið mikið á sjá. Svo vel vill til að ljósmyndir af staðnum eftir gosið sýna verksummerkin sem staðfesta það. Sérstaklega er það við vesturbakkann en þar brotnaði mjög mikið úr honum sbr. fyrrgreindar lýsingar og ljósmyndir (nr. 4-6). ▶

▶ Þrátt fyrir að svona hefur verið komið hefur ekki verið annað vænlegra í stöðunni en endurnýja brúna á sama stað. Hún var því höfð með sama prinsippi og fyrri brú þ. e. í tveimur sjálfstæðum hlutum 15 m og 11 m, en nú skyldu það vera stálgrindur í stað timburvirkjanna. Svo hefur orðið að byggja upp nýjar undirstöður. Að vestan hefur orðið að hlaða upp nokkurs konar garði eða rima að brúnni svo mjög hefur þurft þar til að tengja mætti brúna uppá bakkann. Í farveginum



Mynd 7. Brúin sem byggð var 1919-20 í stað þeirrar sem fór í Kötluhlaupinu 1918 séð til austurs. Í forgrunni er vegurinn á garðinum eða rímanum sem var við vesturbakkann áður en kom að landstöplinum. Sjá nánar gömlu stöplana á mynd 8. Myndasafn Vegagerðarinnar Jón J. Víðis.



Mynd 8. Myndin tekin af austurbakkanum (gagnstætt mynd 5). Millistöpull brúarinnar frá 1920 sést framan við núverandi stöpul og á vesturbakkanum sést gamli landstöpullinn með hlaðna garðinum upp á bakkann og var í notkun til 1963 þegar núverandi brú þarna (sbr. mynd) tók við. Mynd höfundar 12. júní 2013.

stóð eftir lítill klettanabbi sem hefur verið leifar af sennilega heillegri kletti eða rima fyrir millistöpul fyrri brúar. Það sem eftir var hefur nýst sem undirstaða sem hlaðið hafi verið ofan á og utanum og hefur reynst býsna traust því hún hefur staðist átök og rof árinna í heila öld. Mjög hefur verið þröngt þarna í gilinu og ærið hlykkjótt hefur leiðin verið áfram yfir ána um brúna sbr. mynd 7.


Myndir frá brúarsmíðinni eftir Kötluhlaupið 1918 sýna hversu mikið og erfitt verk hefur verið að koma brú á þarna aftur. Sérstaklega hefur það verið að koma undirstöðunum fyrir bæði úti í farveginum og eins að byggja upp aðkomu að brúnni á vestur bakkannum sbr. mynd 5. Þá hefur ekki verið auðvelt að koma fyrir undirslætti í farveginum fyrir uppsetningu yfirbyggingarinnar þ.e. grindarbitanna. Smíði brúarinnar lauk þó 1920, mynd 7.

Eftir að kom fram yfir miðja öldina sl. hefur brúin og aðkoman verið orðin alls ófullnægjandi bílaumferðinni og 1963 var þarna gerð ný brú, stálbitabrú með millistöpli. Hún var höfð við hliðina og neðan við þá gömlu og töluvert hærri. Við þetta lagaðist aðkoman mikið. Þessi brú þjónaði síðan þjóðveginum (Hringveginum nr. 1) allt til þess að hann færðist á nýjan stað yfir Kúðafljót 1993 en nýttist nú á hringleiðinni um Skaftártungu. Brúin markaðist af erfðum aðstæðum, eins og fyrri brýr þarna, og var millistöpullinn látinn koma í beinni stefnu niður af þeim gamla mynd 8. Þessi leið, með kröppum beygjum báðum megin brúar, er því enn varasöm öikumönnum og mikillar aðgæslu þörf þótt vegrið sé til öryggis, sjá mynd 8.

Flestar brýr, sem miklu hafa varðað fyrir samgöngur í landinu, má sjá af ljósmyndum frá fyrri tíð. Höfundur þessara lína hefur verið mikið keppikefli að komast yfir ljósmynd af brúnni á Hólmsá frá 1907 sem tók af í Kötluhlaupinu 1918, sbr. lýsingar hér fyrir, og hvernig þar hagaði til svona til samanburðar við það sem varð eftir hlaupið. Það hefur ekki tekist þrátt fyrir að hafa leitað allra leiða sem honum hugkvæmdust. Slík mynd hefði mikið sögulegt gildi því sennilega er þetta fyrsta brúin hérlendis sem fer af völdum eldgoss og vatnshlaups undan jökli í kjölfar þess. ■



Mynd 9. Myndin tekin á svipuðum stað og mynd 4. Sjá má brúna frá 1963 sem nú er í notkun og að baki henni (fjær á mynd) landstöpul vestan og millistöpul brúarinnar frá 1919-20. Mynd höfundar 30. júlí 2014.



Niðurstöður útboða

Snæfellsbær – Arnarstapi, dýpkun 2018

Tilboð opnuð 14. ágúst 2018. Hafnarstjórn Snæfellsbæjar óskaði eftir tilboði í ofannefnt verk. Um er að ræða dýpkun í smábátahöfn Arnarstapa. Bæði fast og laust efni. Helstu magntölur: Dýpkun innan hafnar í kóta -3,0 m. Flatarmál dýpkunarsvæða 2.960 m² og magn dýpkunarefna er um 3.915 m³. Verkinu skal lokið eigi síðar en 30. apríl 2019.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1 Hagtak hf., Hafnarfirði	57.795.000	125,4	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	46.087.000	100,0	-11.708

Efnisvinnsla á Austursvæði 2018-2019

18-014
Tilboð opnuð 8. ágúst 2018. Efnisvinnsla á Austursvæði á árinu 2018-2019. Helstu magntölur:

Klæðingarefni 8/16 mm	8.100 m ³
Klæðingarefni 4/8 mm	2.650 m ³
Þvottur á steinefnum	14.300 m ³
Malarslittag	6.000 m ³
Burðarlag 0/22 mm	15.000 m ³
Burðarlag 0/45 mm	8.600 m ³

Verki skal að fullu lokið 1. september 2019.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1 Myllan ehf., Egilsstöðum	173.986.980	107,6	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	161.671.640	100,0	-12.315

Viðgerð á brú yfir Miðfjarðará í Vestur-Húnavatnssýslu


Nú í sumar hefur staðið yfir viðgerð á brú yfir Miðfjarðará á Hringvegi 1 í Vestur-Húnavatnssýslu og stendur til að síðasta steypa verði 19. september. Vegfarendur hafa orðið vel varir við þessa framkvæmd en lokað hefur verið fyrir umferð um aðra akrein brúarinnar en umferð um hina akreinina er stýrt með ljósum. Það er brúavinnuflokkur Vegagerðarinnar frá Hvammstanga sem vinnur þetta verk.

Um er að ræða steypa bitabrú í fjórum höfum, 84 m löng (18 m + 24 m + 24 m + 18 m), heildarlengd 96 m. Slakbent járnabinding.

Verkefnið felst í að endurgera kantbita, fjarlægja gamalt vegrið og gamlir kantbitar brotnir af og nýir steyptir í staðinn, ásamt því að setja upp nýtt vegrið.

Akbrautir er fræstar og vatnsbrotnar, dýpt fræsingar er 30 mm og vatnsbrot mest 50 mm aðalega yfir millistöplum, samtals 80 mm. Nýtt slitlag er síðan steyppt á yfirbyggingu brúar.

Við þessa framkvæmd breikkar akbrautin úr 7,0 m í 7,8 m.



Fyrri áfangi viðgerðar að verða tilbúinn 22.06.2018. Vel sést hver munurinn er fyrir og eftir viðgerð.



Vinnupallar 05.04.2018.



Brúargólf eftir fræsing 10.04.2018.



Brúargólf og kantbiti eftir vatnsbrot 08.05.2018.



Nýtt brúargólf steyppt 19.06.2018..



Þann 7. júlí sl. auglýsti Ríkiskaup f.h. ríkissjóðs eftir húsnæði til leigu á höfuðborgarsvæðinu fyrir skrifstofur Vegagerðarinnar, geymslur og útsvæði. Frestur til að skila tilboðum er liðinn og er nú verið að fara yfir gögnin. Ekki er um eiginlegt útbod að ræða og því er ekki birtur listi yfir tilboð.

Það er ljóst af framansögðu að senn liði að því að Vegagerðin verði ekki lengur til húsa í Borgartúni 5 (og síðar 7) eins og verið hefur sl. 75 ár. Gamla myndin er frá 1942 og sýnir Borgartún 5 í byggingu. Myndina tók Eiríkur Jónas Gíslason brúasmíður. Byggingarmeistari var Sigurður Björnsson brúasmíður.

Á jarðhæðinni var í upphafi lager fyrir vélaverkstæðið sem var

í húsunum neðar í portinu. Þegar ritstjóri Framkvæmdafrétta kom fyrst til starfa hjá Vegagerðinni fyrir tæpum 50 árum var á miðhæðinni mótuneyti fyrir starfsmenn verkstæðisins og birgðadeildar. Í risinu voru skrifstofur áætlanadeildar sem m.a. sá um hönnun þeirra vega sem mest var lagt í á þeim tíma.

Þegar Vegagerðin hætti að reka stórt vélaverkstæði á 9. áratugnum flutti fjárhagsdeildin á tvær efri hæðar húsin en jarðhæðin var gerð að skjalageymslu.

Frá 2013 hefur siglingasvið Vegagerðarinnar haft skrifstofur á efri hæðunum en framkvæmdastjóri þess er Sigurður Áss Grétars-son sonarsonur Sigurðar Björnssonar byggingarmeistara.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða á Útboðsvefur.is sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaieldar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst:
	dagur, mánuður, ár
18-095 Hringvegur (1), Biskupstungnabraut - Hveragerði, 1. áfangi Gljúfurholtsá - Varmá	2018
18-082 Sementsfestun og þurrfræsing á Norðursvæði og Vestursvæði 2018	2018
18-075 Sementsfestun og þurrfræsing á Vestursvæði	2018
18-065 Varnargarður í Jökulsá á Fjöllum við Skjálftavatn í Kelduverfi	2018
16-088 Langavatnsvegur (553), Hringvegur – þjónustuhús lðju	2018
18-031 Djúpvegur (61), Leiti – Eyri	2018
18-033 Snæfellsnesvegur (54), Valavatn – Útnesvegur	2018
18-032 Skorradalsvegur (508), Vatnsendahlið – Dagverðarnes	2018
18-015 Efniskaup steinefna, allt landið 2018	2018
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
18-108 Borgarfjarðarvegur (94), Ytri Hvannagilsá - Njarðvíkurskriður	10.09.18 25.09.18
18-106 Laugarvatnsvegur (37), Þóróddsstaðir - Grafará	03.09.18 18.09.18
18-105 Landeyjahöfn, dýpkun 2019 til 2021	28.08.18 25.09.18
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
18-097 Beiðafjarðarferja 2018-2022	16.07.18 31.07.18
18-104 Upphéraðsvegur (931), Teigaból - Bolalækur	20.08.18 04.09.18
18-103 Laxárdalsvegur (59-02): Gröf - Lambeyrar	06.08.18 28.08.18
18-101 Grindavíkurvegur (43), breikkun	06.08.18 21.08.18
18-024 Vatnsnesvegur (711) um Tjarnará	30.07.18 21.08.18
18-100 Snæfellsbær, Arnarstapi, dýpkun	23.07.18 14.08.18
18-099 Grindavík - Miðgaður, þekja lagnir og raforkuvirki	23.07.18 14.08.18
18-014 Efnisvinnsla á Austursvæði 2018	23.07.18 08.08.18
18-088 Landeyjahöfn, endurbætur 2018	18.06.18 10.07.18
18-089 Skagaströnd - flotbryggjur	11.06.18 26.06.18
18-096 Snæfellsnes, sjóvarnir	09.07.18 24.07.18
18-094 Reykjanesbraut (41), endurnýjun ljósastaura	02.07.18 17.07.18
18-091 Sauðárkrókur - dýpkun	25.06.18 10.07.18
18-093 Vetrarþjónusta 2018-2021, Vík - Steinar: Hraðútboð	18.06.18 03.07.18
18-016 Vetrarþjónusta Hringvegur (1), Höfn – Öræfi	09.04.18 24.04.18
18-017 Vetrarþjónusta Hringvegur (1), Hornafjörður – Djúpivogur	09.04.18 24.04.18
18-018 Vetrarþjónusta Hringvegur (1), Breiðdalsvík – Djúpivogur	09.04.18 24.04.18
18-019 Vetrarþjónusta Hringvegur (1), Reyðarfjörður – Breiðdalsvík	09.04.18 24.04.18
18-021 Vetrarþjónusta Norðfjarðarvegur (92) um Fagradal	09.04.18 24.04.18

Útboð á samningaborði, framhald	Auglýst:	Opnað:
18-023 Vetrarþjónusta á Vopnafirði	09.04.18	24.04.18
18-022 Vetrarþjónusta á Fljótسدalshéraði	09.04.18	24.04.18
18-020 Vetrarþjónusta Norðfjarðarvegur (92), Reyðarfjörður – Neskaupstaður	09.04.18	24.04.18
18-062 Vetrarþjónusta Vestur-Skaftafellssýslu 2018-2021, Kirkjubæjarklaustur – Fagurhólsmýri	09.04.18	24.04.18
18-061 Vetrarþjónusta Vestur-Skaftafellssýslu 2018-2021, Vík – Kirkjubæjarklaustur	09.04.18	24.04.18
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
18-073 Grafningsvegur (360), Hagavík – Nesjavellir <i>Suðurtak ehf., 561109-0790</i>	15.05.18	22.08.18
18-059 Skriðdals- og Breiðdalsvegur (95), Skriðuvatn – Axarvegur <i>Héraðsverk ehf., 680388-1489</i>	10.07.18	07.08.18
18-064 Grindavík, dýpkun <i>Björgun ehf., kt. 460169-7399</i>	03.05.18	29.0518
18-037 Vetrarþjónusta um Fjarðarheiði <i>Ylur ehf., kt. 430497-2199</i>	24.04.18	14.08.18

Niðurstöður útboða

Upphéraðsvegur (931), Teigaból - Bolalækur	18-104			
Tilboð opnuð 4. september 2018. Endurgerð vegar um Droplaugarstaði milli Teigabóls og Bolalækjar ásamt tilheyrandi vegtengingum, ræsagerð og lögn klæðingar og enn fremur gerð hálfbogaræsis yfir Hrafnsgerðisá með steiptum sökklum. Lengd útboðskaflans er 3,02 km og lengd ræsisins er tæpir 18 m og þvermálið 5 m. Helstu magntölur vegna vegar eru:				
Skeringar	3.500	m ³		
þar af bergskeringar	300	m ³		
Fyllingar	3.300	m ³		
Fláafleygar	2.030	m ³		
Ræsagerð	36	m		
Styrktarlag	5.250	m ³		
Burðarlag	2.560	m ³		
Tvöföld klæðing	19.500	m ²		
Helstu magntölur vegna ræsis eru:				
Lögn stálplöturæsis	16,88	m		
Gröftur	17	m ³		
Bergskering	2	m ³		
Bergboltar	59	stk.		
Mótafletir	126	m ²		
Steypustyrktarjárn	2,3	tonn		
Steypa	32,4	m ³		
Endafrágangur grjótvörn	30	m ³		
nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1	Ylur ehf., Egilsstöðum	66.883.176	110,8	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	60.351.000	100,0	-6.532